

Orðanefnd L.Í. - 115

Fundur var haldinn mánudaginn 7. apríl 2025 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 115. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Reynir Tómas Geirsson, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 114. fundar (10. mars 2025), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var yfirfarin og formlega samþykkt.

2. Erindi.

JHJ kynnti tvö erindi sem honum höfðu borist, annars vegar tillaga um að breyta íslensku þýðingunni „góðkynja“ á enska heitinu „benign“ í tengslum við góðkynja æxli og hins vegar tilmæli um að leiðrétta skilgreiningu á „gulusótt“ í færslum í Íðorðasafni lækna

JHJ hafði svarað fyrra erindinu þannig að heitið „góðkynja“ væri orðið alveg fast í málinu sem andstæða við „illkynja“ í samsetta heitinu „illkynja æxli“ (krabbamein). Tillögur um að nota í staðinn heitin „skaðlaust æxli“, „vægt æxli“ eða „saklaust æxli“ gætu ekki komið í staðinn fyrir heitið „góðkynja æxli“. Hinu erindinu hefur JHJ ekki svarað en hann kynnti nefndinni drög að svari sínu þar sem fram kom að sjálfsagt væri að lagfæra villur í viðkomandi færslum. Nefndarmenn gáfu samþykki sitt fyrir þessari afgreiðslu.

3. Orðalistar:

Haldið var áfram með yfirferð á lista með orðinu **primary** (59 færslur) frá síðasta fundi. Þetta er fremur erfitt verkefni vegna þess að enska orðið hefur mismunandi merkingu í mismunandi færslum og hefur því verið þýtt á mismunandi hátt á sínum tíma, en ekki endilega með fullum innbyrðis samanburði. Farið var vandlega yfir hverja einustu færslu og rætt um hvaða þýðing og hvaða samheiti ættu best við í hverri þeirra. Með þeim hætti tókst að ljúka við listann. JHJ mun svo ganga frá listanum til birtingar í safninu.

Byrjað var síðan á orðalista með **secondary** (51 færsla) sem er sömuleiðis erfitt verkefni og hafði verið frestað frá síðasta fundi. Ekki vannst tími til annars en að fara rækilega yfir grunnfærsluna og að ræða allar þær mismunandi þýðingar sem kemur til greina að nota í mismunandi færslum. Listanum var síðan frestað til yfirferðar á næsta fundi.

4. Önnur mál:

Lágu ekki fyrir til umræðu.

Næsti fundur: Gert var ráð fyrir næsta fundi á þeim mánudegi snemma í maí sem best hentaði öllum nefndarmönnum, annað hvort mánudaginn 5. eða 12. maí 2025 kl. 16:30, og var fundarherbergi í Eddu bókað báða dagana til öryggis og til ákvörðunar síðar meir.

Fundinum var slitið kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.